

## Dalagisting ehf. 84. fundur.

Miðvikudaginn 14. apríl var haldinn stjórnarfundur í fjarfundi og hófst hann kl. 14:30.  
Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Anna Berglind Halldórsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Þuríður Jóney Sigurðardóttir, Tryggvi Guðmundsson og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason stýrði fundi.

### Dagskrá:

#### 1. Leiga sumarið 2021.

Rætt um eftirfarandi ákvæði í samningi við Heilsusköpun ehf. „Kveði reglugerð sem sett er vegna sóttvarna á um að ekki megi nema 20 eða færri koma saman þá greiðir leigutaki ekki kostnað vegna rafmagns þann tíma sem þau fyrirmæli eru í gildi. Niðurfelling á rafmagnskostnaði reiknast út frá áætlun leigutaka sem er kr. 260.000 á mánuði.“

Samþykkt með fjórum atkvæðum (EIB, GG, ÞJS og TG) gegn einu (ABH).

Anna Berglind Halldórsdóttir leggur fram eftirfarandi bókun:

„Mér finnst við, sem stjórnarmenn í Dalagistingu, hafa gengið ansi langt í að ná samningum við Heilsusköpun ehf. Nú þegar hefur það fyrirtæki haft Lauga á leigu í nokkra mánuði en enn hefur ekki komið inn 1 króna í tekjur til Dalagistingar, né heldur Dalabyggðar. Núna deila samningsaðilar um greiðslu á rafmagnsreikningi fyrir þrjá mánuði ef fjöldatakmörkanir verða 20 eða færri, sem sagt fastan kostnað upp á 260.000 kr\* 3. Nú er staðan þannig að einhvern tíma verður að segja stopp. Ég get því ekki samþykkt sérstakt covid ákvæði í leigusamningnum og fyrir því eru tvær ástæður:

1. Með því að hafa einhvern fastan kostnað bundinn í leigusamningnum, finnst mér vera frekari trygging fyrir því að einhver starfsemi verði rekin á Laugum á tímabilinu maí – september 2021. Það verður lítill hvati til að úthugsa breytt rekstrarform sökum covid áhrifa ef enginn fastur kostnaður er til staðar. En þetta gera samt öll ferðaþjónustufyrirtæki í dag bara til að tryggja einhverjar tekjur inn í fyrirtækið sitt.
2. Í Dalabyggð eru rekin nokkur ferðaþjónustufyrirtæki, ekkert þeirra fær sérstakan stuðning frá Dalabyggð sökum fjöldatakmörkanna vegna Covid áhrifa. Ég sem stjórnarmaður í Dalagistingu og jafnframt fulltrúi Dalabyggðar þar, get ekki sætt mig við að aðilum í ferðaþjónustu sé mismunað að þessu leyti. Hér glíma allir við sama vandann og við sem viljum byggja upp þetta samfélag tökumst á við það á jafnréttisgrundvelli.“

#### 2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 14.04.2021, 15:30

Anna Berglind Halldórsdóttir, 14.04.2021, 15:24

Guðmundur Gunnarsson, 14.04.2021, 19:48

Þuríður Jóney Sigurðardóttir, 14.04.2021, 15:18

Tryggvi Guðmundsson, 14.04.2021, 16:18



Kristján Sturluson